

UPPT1UT05

Kennarar: Unnur Erla Sveinbjörnsdóttir

10

Lýsing

Nemendur kynnist almennri notkun á PC-tölvum. Skjalavistun, Word, Excel og Power point. Lögð er áhersla á sjálfstæð vinnubrögð.

Kennsluaðferðir og fyrirkomulag

Bein kennsla, einstaklingsvinna og kannanir. Verkefni eru unnin í tíma og þarf að skila þeim inn í Moodle sem er kerfi sem framhaldskólar nota. Two próf eru lögð fyrir, það fyrra í desember úr word og það seinna í maí úr excel.

Námsmat

Tekin eru tvö próf og þarf að standast einkunnina 4,5 í hvoru þeirra.

Námsþættir og vægi þeirra:

Námsþáttur	Lýsing	Vægi
Word	Verkefni 1 - 30	12%
Power point	Verkefni 1 - 3	8%
Excel	Verkefni 1 - 26	12%
Samþætting Word og Excel	Verkefni 1 - 3	8%
Próf í Word	Tekið í byrjun desember	30%
Próf í Excel	Tekið í lok apríl	30%

VIÐMIÐ ÚR NÁMSKRÁ

VS UPPT1UT05

- **Hæfnieinkunn (A-D)**

VS UPPT1UT05 - Þekkingaviðmið

- Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á helstu póst- og samskiptatengslum.
- Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á upplýsinga- og menningarlæsi og mikilvægi þess (þróað læsi).
- Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á flóknum aðgerðum í helstu forritum til framsetningar og miðlunar á texta.
- Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á höfundarétti og notkun heimilda.
- Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á umhverfi og möguleikum töflureiknis og meðferð tölulegra gagna.
- Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á síðfræði og síðferði internetsins (upplýsinga- og tölvusiðfræði).

VS UPPT1UT05 - Leikniviðmið

- Nemandi skal hafa öðlast leikni í að nota markvisst póst- og samskiptanet.
- Nemandi skal hafa öðlast leikni í að framkvæma flóknari aðgerðir í helstu forritum skrifstofuhugbúnaðar svo sem ritvinnslu, glærugerð og töflureikni.
- Nemandi skal hafa öðlast leikni í að nota sjálfstæð vinnubrögð
- Nemandi skal hafa öðlast leikni í að móta og setja fram textaá ýmsan máta og átta sig á læsileika hans.
- Nemandi skal hafa öðlast leikni í að fara með heimildir og framsetningu þeirra.
- Nemandi skal hafa öðlast leikni í að fara með töluleg gögn og setja þau fram.
- Nemandi skal hafa öðlast leikni í að nýta netsamskipti á öruggan hátt.

VS UPPT1UT05 - Hæfniviðmið

- Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að meta, varðveita, skapa og miðla upplýsingum og þekkingu á skipulagðan og skilvirkan hátt.
- Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að setja upp hemildaritgerðir ásamt yfirlitum af ýmsu tagi, s.s. efnisyfirlit, mynda- og töfluyfirlit.
- Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að stu da örugg netsamskipti og sýna þar gott síðferði.

- Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að vinna að mótnun texta á ýmsan máta og stuðla að læsileika hans.
- Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að vinna með töluleg gögn, móta þau og setja fram á myndrænan hátt.
- Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að vinna sjálfstætt að verkefnum og nýta borð-/far-/spjaldtölvu og snjallsíma sdem tæki í námi og starfi.
- Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að vinna með heimildir eftir viðteknum venjum þar að lútandi og virða höfundarétt í vinnu með gögn af ýmsum toga.
- Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að nýta möguleika töflureiknis til útreikninga á flókinn máta.